

Mánudaginn 1. febrúarmán.

Nr. 2/1875:

Rjettvísín

gegn

Kristbjörgu Björnsdóttur.

Dómur.

Í máli þessu er Kristbjörg Björnsdóttir dæmd með aukapingsdómi Reykjavíkurbæjar 8. desembermán. f. á. fyrir dularfæðingu og barnsmorð til 8 ára betrunarhússvinnu, og eru atvik málsins þau er hjer segir.

Í fyrra vetur varð hin ákærða Kristbjörg Björnsdóttir á Sauðagerði, ógipt stúlka, 19 ára gömul, fædd 4. október 1855, óljett eptir vinnumann, Þorlák nokkurn Kristjánsson, og vissi hún á vorvertíðinni, er leið, hvernig á stóð fyrir henni, að hún var orðin þunguð, þó sagði hún engum frá því, en daldi það fyrir öllum; hafði heldur ekki neina útvegum með barnsföt, meðan á meðgöngutímanum stóð, nje annaðist um neitt, er laut að ástandi hennar. Í septembermánuði seinast liðnum fæddi hún stúlkubarn, er var fullburða; hvern dag mánaðarins það var, hefir ekki orðið upplýst; var hún þá heima hjá sjer, en húsbændur hennar og fósturforeldrar voru á ferð uppi í sveit. Það var um morguninn, að hún kenndi jóðsóttarinnar, lagði hún sig þá í rúm sitt uppi á loptinu, háttaði þó ekki, en lá í fótunum. Kom þá vinnukonan upp til hennar, og spurði hana, hvað að henni gengi, en ákærða svaraði, að hún hefði fengið kveisu, og ljæt að öðru leyti á engu bera; gekk stúlkan svo út. Litlu seinna fór ákærða aptur á fætur og skammtaði, en lagði sig svo aptur fyrir í rúmi húsbænda sinna undir loptinu; meðan hún lá þarna í rúminu, kom annar kvennmaður inn til hennar, og settist andspænis henni um stund, spurði hana,

hvað að henni gengi, og bar henni mjólkur-tévatn. Hún komst ekki að neinu, meðan hún var inni hjá hinni ákærðu, um hvað að henni gengi, og heyrði hana einungis stynja en ekki hljóða. Í sama svip, sem stúlkan fór burtu, ól ákærða barn, sem var fullburða og eptir álitu hjeraðslæknisins hafði hæfilegleika til að lifa sjálfstæðu lífi; en þegar barnið var fætt, kom ákærðu til hugar að fyrirfara því, þá hún fyrst hafði látið það liggja um stund við hliðina á sjer í rúminu undir fótunum og heyrt það hljóða, svo að hún vissi, að það var með fullu lífi. Tók hún þá sjálfskæðing, sem lá í glugganum, og stakk barnið með honum marga stungi í brjóstið og lífið, og hefir hjeraðslæknirinn, sem skoðaði lík barnsins og gjörði líkskurð á því, lýst yfir því álitu sínu, að skurðir þessir eða stingir hafi deytt barnið, sem hafði öll merki þess, að hafa lifað eptir fæðinguna, sjer í lagi þar sem 2 af stingunum höfðu snortið hjarta barnsins. Þegar hin ákærða var búin að deyða barnið, lagði hún það bak við koddann í rúminu, en tók það morguninn eptir og ljet það í poka og hleypti því ofan í mógröf skammt frá bænum; með því vatn var í mógröfinni, ljet hin ákærða nokkra mókögglu ofan á pokann, svo hann flyti ekki upp, og þar fannst einnig líkið eptir tilvísun hinnar ákærðu, með sömu ummerkjum, undir rannsókn málsins.

Þó ýmsar líkur sjeu til þess, að hin ákærða hafi búið yfir því áformi að fæða í dul, bæði það, að hún lagði leynd á, að hún væri þunguð, var ekki í neinum útvegum um barnsfatnað, og ljet ekki neitt uppskátt um ástand sitt við stúlkur þær, er komu til hennar rjett á undan og um fæðingu barnsins, virðist þó ekki ástæða til að rengja þann framburð hennar, að hún þá fyrst, er barnið var fætt, hafi ásett sjer að fyrirfara því. Afbrot hinnar ákærðu heyrir þannig undir 1. lið 193.

greinar í hegningarlögum 25. júní 1869, og virðist hegningin, með sjerstöku tilliti til æsku hinnar ákærðu og undanfarinnar góðrar hegðunar, hæfilega metin til 6 ára betrunarhússvinnu; að öðru leyti ber að staðfesta undirrettardóminn; svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 14 krónur til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum, hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Kristbjörg Björnsdóttir á að sæta 6 ára betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjeraði á dómur undirrettarins óraskaður að standa; svo borgan hin ákærða og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 14 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8. febrúarmán.

Nr. 3/1875:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Guðnasyni.

Dómur.

Með eigin játningu hins ákærða Guðmundar Guðnasonar á Reyni á Akranesi og öðrum upplýstum atvik-